

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

27.11.2023
2023-11-28/0.11.1

Efni: Uppbygging flutningskerfis raforku, þskj. 56

Landsnet vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem Landsneti er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þskj 56 á 56. máli. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að flýta uppbyggingu flutningskerfis raforku, nánar tiltekið Blöndulínu 3, Holtavörðuheildarlínu 1, Holtavörðuheildarlínu 3 og Suðurnesjalínu 2.

Landsnet fagnar framlagningu þingsályktunartillögunnar. Eins og kerfisáætlun Landsnets ber með sér er framkvæmdaþörf á næstu árum mikil bæði við uppbyggingu flutningskerfisins á einstaka svæðum í samræmi við m.a. þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sem og að halda áfram framkvæmdum við nýja kynslóð byggðalínunnar. Þessar framkvæmdir skipta miklu þegar kemur að því að auka áfallaþol raforkukerfisins og afhendingaröryggi raforku í samræmi við langtíma orkustefnu Íslands til 2050 sem og að mæta áskorunum tengdum metnaðarfullum markmiðum ríkisstjórnarinnar í orku- og loftslagsmálum. Þannig liggur fyrir að mikil fjárfestingaþörf er í flutningskerfinu á komandi árum.

Landsnet hefur á undanförunum árum ítrekað bent á flókin og tímafrekan undirbúningsferil framkvæmda í flutningskerfi raforku. Opinberir ferlar og auknar kröfur um samráð hafa leitt til þess að undirbúningsferil framkvæmda er stöðugt að lengjast. Stjórnvöld hafa brugðist við ákalli Landsnets um breytingar með því að kveða á um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga í raforkulögum og nú nýlega breytingum á skipulagslögum varðandi uppbyggingu innviða (raflínuskipulag). Landsnet vonast til þess að nýtt ferli raflínuskipulags muni að einhverju leyti einfalda undirbúning framkvæmda og eyða óvissu en reynsla er ekki komin á það fyrirkomulag. Landsnet bendir hins vegar á að víða í undirbúningsferlinu leynast tækifæri til þess að auka skilvirkni án þess að það komi niður á kröfum um gæði undirbúnings. Mikilvægt er að hafa í huga að tafir við undirbúning framkvæmda eru að hafa áhrif á framkvæmdaáætlanir með viðbótarkostnaði á verkefnum.

Eins og fram kemur í kerfisáætlun Landsnets er við mat á áhrifum fjárfestinga á gjaldskrá horft til þess markmiðs að stöðugleiki ríki í gjaldskrá miðað við fast verðlag. Flutningsgjaldskrá Landsnets er í grunninn byggð á samspili fluttrar raforku og tekjumarka sem aftur byggja á rekstrarkostnaði, afskriftum og arðsemi eignastofns. Það flækir hins vegar oft myndina að þessir þættir og aðrir sem skipta máli eru sibreytilegir og utan áhrifa fyrirtækisins. Þá má nefna að í tengslum við skipan fjármálaráðherra á starfshóp til að skoða skattalegt umhverfi orkuvinnslu hafa verið settar fram hugmyndir um að leggja frekari skatta á raforkuflutningsvirki sem hefði áhrif á gjaldskrá Landsnets og þar með flutningskostnað raforku til almennings og stórnotenda. Þetta er til þess fallið að skapa óvissu við áætlanagerð. Þá hefur framkvæmdakostnaður hækkað mikið að undanförunum og er þar um að ræða hækkunar sem orðið hafa á hrávöruverði auk mikillar hækkunar á flutningskostnaði sem endurspeglast í innkaupsverði búnaðar og aðfanga til byggingar háspennulína. Í greinargerð þingsályktunartillögunar er að finna töflu yfir áætlaðan framkvæmdatíma og kostnað vegna framkvæmdanna. Þær upplýsingar sem birtast í töflunni hafa breyst og eftirfarandi er uppfærð tafla.

Lína	Svæði	Áætlaður framkvæmdatími	Kostnaður
Blöndulína 3	Blanda–Akureyri	2024-2027	18,9 milljarðar kr.
Holtavörðuheildarlína 1	Hvalfjörður–Hrútafjörður	2025-2027	13,8 milljarðar kr.
Holtavörðuheildarlína 3	Hrútafjörður–Blanda	2026-2029	13,8 milljarðar kr.
Suðurnesjalína 2	Hafnarfjörður–Suðurnes	2023-2025	4,2 milljarðar kr.

Með lögum nr. 74/2021 var gerð breyting á raforkulögum þar sem möguleikar til flutnings tekjuheimilda voru skertir verulega frá því sem áður var. Með þessari breytingu voru Landsneti settar mun meiri skorður varðandi mildun á áhrifum fjárfestinga á gjaldskrá félagsins en þekkist t.d. í Noregi. Grunnur að tekjum félagsins, og þar með endurgreiðslu fjárfestingarkostnaðar, er eignastofn flutningsmannvirkja. Við ákvörðun um framkvæmdir og framkvæmdatíma þarf því að horfa til efnahagslegra þátta, s.s. gjaldskrár, aðfanga, aðgengi að verktökum, fjármögnun og fjármagnsskipan. Landsnet hefur í mörg ár lagt áherslu á mikilvægi stærri fjárfestinga, m.a. þeirra sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni. Mikilvægi styrkingar byggðalínunnar og afhendingaröryggi einstakra staða eða landshluta hefur ekki breyst og því orðið mjög brýnt að koma umræddum verkefnum áfram. Eftir sem áður er ljóst að Landsnet mun að óbreyttu ekki getað farið í allar þær fjárfestingar sem hér um ræðir á sama tíma vegna þeirra efnahagslegu þátta sem nefndir hafa verið. Forgangsraða þarf framkvæmdum en jafnframt þyrfti að skoða aukið svigrúm varðandi heimildir laga til flutnings tekjumarka á milli ára til að milda kostnaðaráhrif og auka þannig fjárfestingargetu Landsnets.

Með vísan til þess sem að framan greinir styður Landsnet þingsályktunartillöguna og er reiðubúið að koma fyrir nefndina til að fylgja umsögninni eftir.

Virðingarfyllst,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.